



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 20. janúar 2021.  
Málsnr. 1906002

**Efni: Kynning á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.**

Á 518. fundi stjórnar SSH, hinn 18. janúar 2021, voru áhersluverkefni sóknaráætlunar til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

***Sóknaráætlun – Áhersluverkefni 2021 / málsnr. 1906002***

*Farið verður yfir stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar ásamt umræðu um áframhaldandi og ný verkefni sóknaráætlunar. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri og Hermann Ottósson ráðgjafi eru gestir fundarins undir þessum lið og kynna áhersluverkefni sóknaráætlunar og stöðu þeirra. Þá fer framkvæmdastjóri, Páll Björgvin, yfir hugmyndir að áhersluverkefnum ásamt tillögu um að fjarfundur verði haldinn föstudaginn 22. janúar nk. kl: 8:30 fyrir borgar- og bæjarfulltrúa til að kynna verkefni sóknaráætlunar og möguleg næsta árs verkefni.*

***Niðurstaða fundar:***

*Umræða um verkefni sóknaráætlunar verður tekin aftur fyrir á fundi stjórnar 1.febrúar 2020. Stjórn SSH telur mikilvægt að unnin verði sameiginleg loftslagsstefna fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu Stjórn samþykkir að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa föstudaginn 22. janúar nk. Þá er skrifstofu SSH falið að senda skýrslu um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaganna til kynningar og umræðu. Að umræðu lokinni verður tekin ákvörðun um næstu skref verkefnisins.*

Meðfylgjandi til kynningar og umræðu er skýrsla ReSource „Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu - fýsileikaskýrsla“, sem unnin var fyrir SSH, auk minnisblaðs starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar um fýsileika á samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. janúar 2021.

Virðingarfyllst,  
Fyrir hönd SSH

\_\_\_\_\_  
Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

Fýsileikaskýrsla ReSource um samræmda úrgangsflokkun á höfuðborgarsvæðinu  
Minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar um fýsileikaskýrslu ReSource